

**Mál nr. 390/2014**  
**M**  
**og V1 vegna bifreiðarinnar A V2 vegna bifreiðarinnar B.**

**Árekstur við akreinaskipti á Miklubraut 8. október 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 26. desember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 6. janúar 2015.
3. Bréf V2 dags. 16. janúar 2015.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu vegna áreksturs A og B kemur fram að bifreið A hafi verið ekið á Miklubraut á hægri akrein og skipt um akrein yfir á aðreina að Grensásvegi þegar árekstur varð við bifreið B sem ók á akrein sem merkt er sérstaklega fyrir strætisvagna og leigubifreiðar. Af gögnum málsins má ráða að áreksturinn hafi orðið við mörk sérmerktu akreinarinnar á Miklubraut og aðreinar fyrir alla umferð sem leiðir inn að Grensásvegi.

M kvaðst hafa skipt um akrein um leið og aðreinin tók við af sérmerktu akreininni og ekki séð umferð á þeirri akrein þegar hún ók til hliðar. M telur með hliðsjón af fyrirmælum 5. og 13. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum þar sem hann hafi ekið á sérmerktri akrein og sérstaklega gegn fyrirmælum 2. mgr. 13. gr. umferðarlaga um að þar sem reinar eru fyrir mismunandi ökutæki skuli ökumaður velja þá rein sem hentar fyrir hans ökutæki. Það hafi ökumaður bifreiðar B hins vegar ekki gert og verði því að bera alla sök. Undir sjónarmið M tekur V1 og vísar auk þessa til b.liðar 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 og telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekki sýnt varúð þegar hann ók yfir hálfbrotna línu af sérrein yfir á almenna akrein. V2 telur ekki sýnt að orsakatengsl séu milli þess að ökumaður bifreiðar B ók á sérrein og þess að árekstur varð þar sem M hafi, sem ökumaður bifreiðar A, átt að veita allri umferð um sérreina forgang þegar hún skipti um akrein.

**Álit.**

Ljóst er að ökumaður bifreiðar B ók ekki í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 13. gr. umferðarlaga þar sem hann ók á akrein sem var ætluð öðrum ökutækjum, strætisvögnum og leigubifreiðum. Verður ekki annað séð af gögnum málsins en að sú akrein hafi verið nokkuð ljós m.v. merkingar og ekki verður séð að snjór á götum hafi verið það mikill að það villti fyrir ökumanni bifreiðar B. Við þetta braut ökumaður bifreiðar B gegn fyrirmælum umferðarlaga og umferðarskipulagi sem ökumaður bifreiðar A mátti ætla að yrði virt. Ökumaður bifreiðar A ók hins vegar til hliðar og skipti um akrein án þess að virða að fullu fyrirmæli 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga um að það sé hægt án hættu og óþæginda fyrir aðra. Telst háttsemi beggja ökumanna jafnt hafa leitt til árekstursins og verður sök því skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík 24. febrúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.